

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 15. febrúar 2019
UST201901-410/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Tengivirki á Hólasandi – Skútustaðahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi undir tengivirki á Hólasandi í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að Landsnet áformar að byggja nýtt 220 kV tengivirki á Hólasandi. Stefnt er að því að tengivirkið verði yfirbyggt og með aðstöðu fyrir starfsmenn vegna viðhalds. Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggi á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Auk þess kemur fram að núverandi raflínur frá Kröflu og Þeistareykjum tengjast tengivirkinu.

Byggingar falla vel að umhverfi

Svæðið er að mestu gróðurlítið og hefur víða verið sáð lúpínu í mela. Áhrifin á þessu svæði einskorðast að líkindum við neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu og að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að fella mannvirki að landslagi. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.*“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögnum hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu, þar sem að jarðvegur er rýr á þeim stað sem salerni og fráveitumannvirki eru staðsett á uppdrætti.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur